



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2024
Tilvísun: 2024040695/GRB

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 16. apríl 2024 um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (pskj. 1367, 922. mál á 154. löggjafarþingi). Í umsögn Persónuverndar, dags. 7. maí 2024, við frumvarpið gerði stofnunin athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um nýja 8. gr. a í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Nánar tiltekið taldi Persónuvernd að endurskoða þyrfti ákvæðið, skýra það nánar og afmarka betur í hvaða tilgangi vinnsla persónuupplýsinga færi fram, af hverju vinnslan væri nauðsynleg fyrir þann tilgang og afmarka hvers konar persónuupplýsingar um ræddi.

Á fundi með velferðarnefnd Alþingis í dag 7. júní 2024 lagði Persónuvernd fram þá tillögu að við 5. gr. frumvarpsdraganna bættist ný 5. mgr. sem hljóðað gæti svo:

„Þjóðskjalavörður tekur ákvörðun um grísjun þeirra gagna sem verða til við eftirlit sýslumanns skv. 1.-4. mgr. í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.“

Tekið skal fram að með þessari málsgrein telur Persónuvernd unnt að tryggja þá hagsmuni sem hafðir voru í huga með fyrrgreindum athugasemdum í umsögn stofnunarinnar 7. maí 2024.

F.h. Persónuverndar,


Þórður Sveinsson


Gyða Ragnheiður Bergsdóttir